

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 24. nóvember 2016 R1611003

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
	Annað:	
R11060051	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, dags. 17.11.'16, um viðauka við samning um þjónustu við hælisleitendur.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R11060051	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, dags. 17.11.'16, um mat á árangri samning um þjónustu við hælisleitendur.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R16110102	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 17.11.'16, um viðmið um hvernig færa á námsmat yfir í bókstafakerfið.	Sent skóla- og frístundasviði til umsagnar.
R16040029	Skýrsla vegna verkefnisins Reykjavík - aldursvæn borg, dags. í nóvember 2016.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til vinnslu.
R14110132	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 17.11.'16, um afgreiðslu tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um áfengisfrumvarpið	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R16010070	Umsögn um drög að nýrri reglugerð fyrir veitingastaði, gististaði og skemmtanahald	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16110111	Erindi SEA, dags. 21.11.'16, varðandi Jaðar í Elliðavatnslandi.	Sent borgarlögmanni til umsagnar.

BORGARRÁÐ 17.11.2016: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um viðauka við samning um þjónustu við hælisleitendur - R11060051

Í 3. gr samnings Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar frá 11. september 2015 segir: „Verði skyndileg aukning á fjölda hælisleitenda á Íslandi getur Útlendingastofnun farið fram á það við þjónustuaðila að fjölga búsetuúrræðum tímabundið. Skal þá gerður tímabundinn viðauki þess efnis enda fari um greiðsluskyldu Útlendingastofnunar með sama hætti og kveðið er á um í samningi þessum.“ Nú liggur fyrir að skyndileg aukning hefur orðið á fjölda hælisleitenda á Íslandi og er óskað upplýsingum um hvort að gerður hafi verið tímabundinn viðauki vegna þess eins og greinin gerir ráð fyrir og þá óskast afrit af honum lagt fyrir borgarráð. Hafi viðaukinn ekki verið gerður, en Reykjavíkurborg að þjónusta fleiri hælisleitendur en samningurinn kveður á um, óskast upplýsingar um hvers vegna ekki hafi verið gerður samningur.

BORGARRÁÐ 17.11.2016: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um mat á árangri samnings um þjónustu við hælisleitendur - R11060051

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir því að lagt verði fyrir borgarráð skriflegt mat á árangri samnings Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við hælisleitendur sem getið er um í 11. gr. samningsins sem samþykktur var 11. september 2015, en slíkt virðist vera hluti af þeirri ákvörðun hvort samið verði um framhald þjónustunnar, sem nú hefur verið gert. Óskað er eftir gögnum sem lágu að baki matinu sem og hvenær og á hvaða tímabili það var unnið.

BORGARRÁÐ 17.11.2016: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðmið um hvernig færa á námsmat yfir í bókstafakerfið - R16110102

Kennarar hafa bent á að ekki liggi fyrir viðmið um hvernig færa á námsmat yfir í bókstafakerfið sem gert er ráð fyrir að verði notað í vor í ljósi þess að ekki liggi fyrir viðmið frá Menntamálastofnun. Spurt er hvort þetta sé rétt og hvernig borgaryfirvöld hyggjast bregðast við því, þá er spurt hvort sú þróun eða vinna sem þarf til að útbúa, samræma og innleiða slíka matskvarða sé fyllilega fjármögnuð hjá Reykjavíkurborg.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 21. nóvember 2016
2014110028
30.1

Ráðhú Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
Reykjavík


Málsnr.: 216040029
Skjalasafn Ráðhúss
21. nóv. 2016
Bréfalykill: 220

Skýrsla vegna verkefnisins "Reykjavík; aldursvæn borg" frá nóvember 2016.

Á fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2016 var lögð fram og kynnt skýrsla vegna verkefnisins "Reykjavík; aldursvæn borg" frá nóvember 2016.

Skýrslan er hér með send ykkur til kynningar.

Virðingarfyllst,


Stefán Eiríksson
sviðsstjóri

Nóvember 2016



Reykjavík, aldursvæn borg

Niðurstöður úrvinnslu tillagna frá rásfundi verkefnisins.



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Um skýrsluna	3
Stjórnskipulag	3
Helstu niðurstöður og næstu skref.....	4
Málefnasviðin átta:.....	4
Tillögur af rásfundi Reykjavík, aldursvæn borg	6
Tillaga 1: Bókasöfn og aðrar menningarstofnanir	6
Tillaga 2: Félagsstarf	6
Tillaga 3: Samstarf og samvinna í samfélaginu.....	7
Tillaga 4: Hverfa- og íbúðahönnun, blönduð byggð, val.....	7
Tillaga 5: Heilsugæsla og hjúkrunarheimili.....	8
Tillaga 6: Heimþjónusta	8
Tillaga 7: Hjálpartæki, tæknilausnir.....	9
Tillaga 8: Bæta samstarf heilbrigðis- og félagsþjónustu.....	9
Tillaga 9: Upplýsingagjöf.....	9
Tillaga 10: Hraðahindranir	10
Tillaga 11: Síma- og almenn þjónusta til þeirra sem ekki hafa aðgang að netinu.....	11
Tillaga 12: Tölvufærni	11
Tillaga 13: Bætt aðstaða til útivistar og hreyfingar	11
Tillaga 14: Atvinnupátttaka	12
Aðrar tillögur	12
Reykjavík vill verða aldursvæn borg	16
Forsagan	16
Reykjavík tekur þátt.....	16
Hvernig borg er aldursvæn borg?.....	16
Innleiðing verkefnisins Reykjavík aldursvæn borg	17
Rásfundur, Reykjavík aldursvæn borg	17
Skýrsla um heilsueflingu aldraðra	18
Global Network of Age-friendly Cities and Communities	18

Um skýrsluna

Borgarstjórinn í Reykjavík ásamt stýrihópi um aldursvænar borgir sóttu um, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, að vera þátttakandi í verkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aldursvænar borgir. Reykjavíkurborg fékk inngöngu í verkefnið í maí 2015.

Þessi skýrsla er úrvinnsla á tillögum sem fram komu á rásfundi verkefnisins um aldursvænar borgir sem haldin var í Tjarnarsal Ráðhús Reykjavíkurborgar þann 25. nóvember 2015. Í janúar 2016 kom út skýrsla þar voru teknar saman [niðurstöður](#) rásfundarins. Í framhaldi af niðurstöðu rásfundarins voru skipaðir átta starfshópar, einn á hverju málefnasviði aldursvænna borga, til að vinna nánar úr þeim tillögum sem fram komu á rásfundinum. Hóparnir störfuðu frá 15. mars – 1. september 2016 en erindisbréf hópanna er að finna á [vef Reykjavíkurborgar](#).

Í hópunum störfuðu fulltrúar frá Félagi eldri borgara, Félagi áhugafólks um íþróttir fyrir aldraða, Samtökum aldraða, Vildarhúsum, Strætó bs, Korpúlfum, Öldungaráði Reykjavíkur, velferðarráðuneytinu, félagi áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga, fulltrúi innflytjenda, U3A og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt störfuðu starfsmenn Reykjavíkurborgar frá eftirtöldum sviðum/deildum í hópunum: Mannauðsdeild, Mannréttindaskrifstofu, Heimaþjónustu, Skrifstofu þjónustu og rekstrar, Menningar og ferðamálasviði, Skóla og frístundasviði, velferðarsviði, umhverfis og skipulagssviði, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, upplýsinga og vefdeild og íþrótt- og tómstundasviði

Í [stýrihópi](#) Reykjavíkurborgar um aldursvæna borg eru:

- Ellý A Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra Velferðarsviðs sem jafnframt er hópsstjóri.
- Birna Sigurðardóttir deildarstjóri á skrifstofu sviðsstjóra Velferðarsviðs sem jafnframt er starfsmaður hópsins.
- Óskar D. Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti skipaður sem fulltrúi framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs.
- Sigrún Ingvarsdóttir deildarstjóri í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Skipuð sem fulltrúi þjónustumiðstöðva og vegna sérþekkingar í málaflokki eldri borgara.
- Elfa Björk Ellertsdóttir upplýsingafulltrúi á Upplýsinga- og vefdeild.
- Þorkell Heiðarsson verkefnastjóri á Íþrótt- og tómstundasviði skipaður sem fulltrúi ÍTR.
- Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri og María Nielsdóttir á Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar skipuð sem fulltrúar SEA.
- Tómas Ingi Adolfsson Mannréttindaskrifstofu skipaður sem fulltrúi MAN.
- Einar Ólafsson deildarþáverður á Menningar og ferðamálasviði skipaður sem fulltrúi MOF. Einar hætti í starfshópnum 31. okt. 2016 og í hans stað kom Erla Kristín Jónasdóttir safnstjóri.
- Nikulás Úlfar Másson skrifstofustjóri Umhverfis- og skipulagssvið skipaður sem fulltrúi USK. Nikulás hætti í starfshópnum 1. okt. 2015 og í hans stað kom Hildur Gunnlaugsdóttir verkefnisstjóri sem starfaði með hópnum til 25. okt. 2016. Í hennar stað kom Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnastjóri.
- Guðrún Ágústsdóttir formaður öldungaráðs Reykjavíkurborgar.

Stjórnskipulag

Eigandi verkefnis: Stýrihópur vegna þátttöku Reykjavíkurborgar í verkefni WHO um Age Friendly Cities.

Ábyrgðaraðili: Ellý A. Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra á velferðarsviði.

Helstu niðurstöður og næstu skref

Alls komu fram 93 hugmyndir/tillögur um úrbætur á rásfundi aldursvænnar Reykjavíkur sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur 25. nóvember 2015. Þar sem unnið var á átta borðum með átta málefnasvið aldursvænna borga (sjá málefnasviðin hér fyrir neðan). Talsverð skörun/samsvörun var á tillögum á milli borða t.d. voru umræður um samgöngumál í samgönguhópi en jafnframt var rætt um samgöngumál í hópi um félagslega þátttöku þar sem samgöngur skipta miklu máli. Einnig komu fram tillögur á rásfundinum sem hafa áður komið fram í skýrslu starfshóps um heilsueflingu aldraðra. Til að koma í veg fyrir tvítekningu tillagna var í úrvinnslu leitast við að sameina tillögur eftir því sem við átti og taka út þær tillögur sem nú þegar eru í vinnslu hjá borginni eða eru komnar til framkvæmda. Tillögur sem fram eru komnar í skýrslu starfshóps um heilsueflingu og hafa nú þegar fengið farveg skv. fundi borgarráðs 24. maí 2016 eru ekki settar fram aftur sem tillögur í þessari skýrslu. Á bls. 12 er gerð grein fyrir þeim tillögum sem fram komu á fundinum en eru ekki settar fram sem tillögur í þessari skýrslu.

Tillögur af rásfundinum eru settar fram með sambærilegum hætti og gert er í skýrslu starfshóps um heilsueflingu aldraðra enda markmið tillagnanna af sama meiði og mikilvægt að skoða tillögur beggja verkefnanna í samhengi. Eftir slíka úrvinnslu standa eftir 13 tillögur með 45 undirverkefni sem lagt er til að Reykjavíkurborg komi í farveg til að vinna að því að borgin verði aldursvænni.

Lagt er til að tillögurnar fari í sambærilegan farveg og tillögurnar sem settar voru fram í skýrslu um heilsueflingu aldraðra þ.e. að viðkomandi sviðum, deildum eða starfsmönnum borgarinnar verði falið að vinna að framkvæmd tillagnanna. Stýrihópurinn mun fylgja eftir framkvæmd tillagnanna og gera stöðumat að ári liðnu.

Málefnasviðin átta:

Útisvæði og byggingar

Umhverfið utandyra og opinberar byggingar hafa mikil áhrif á lífsgæði eldri borgara, getu þeirra til að komast á milli áfangastaða og lifa sjálfstæðu lífi. Dæmi um mikilvæga þætti eru sléttar og hreinar gangstéttir, aðstaða til að sitja og hvílast og að byggingar þar sem aldraðir sækja sér þjónustu séu heppilega staðsettar, aðgengilegar og góðum merkingum.

Samgöngur

Samgöngumál eru mikilvæg hvað varðar að öldruðum sé gert kleift að taka félagslegan og borgaralegan þátt í samfélaginu og eins að sækja sér heilbrigðisþjónustu. Almennings-samgöngur eru mikið notaðar af eldri borgurum og þurfa að vera áreiðanlegar og vel skipulagðar en aldursvæn borg býður líka upp á fleiri samgöngumöguleika.

Húsnæði

Húsnæðisöryggi er grundvallarþörf aldraðra sem annarra. Gátlistinn tekur m.a. á því að húsnæði sé á viðráðanlegu verði, vel hannað og öruggt fyrir aldraða og að heimaþjónusta geri öldruðum kleift að búa heima sem lengst.

Félagsleg þátttaka.

Hér er átt við þátttöku í tólmstundastarfi af ýmsu tagi, aðgengi að menningarviðburðum, félagslíf með fjölskyldu og vinum o.fl., sem gerir öldruðum kleift að rækta tengsl við aðra og viðhalda færni af ýmsu tagi. Þátttökumöguleikar byggja ekki eingöngu á framboði heldur eru síst minna háðir samgöngum, aðgengi og kostnaði.

Virðing og félagsleg viðurkenning

Aldursfordómar og vanvirðing í framkomu gagnvart eldra fólki, fátækt aldraðra og fáfræði annars fólks um aðstæður og fjölbreytileika þessa hóps eru allt þættir sem geta hamlað farsælli öldrun, en borgir geta unnið gegn með aldursvænum aðgerðum.

Virk samfélagsþátttaka og atvinnumöguleikar

Eldri borgarar hætta ekki að gefa af sér til samfélagsins við eftirlaunaaldur. Aldursvæn borg veitir öldruðum hlutdeild í samfélaginu með áframhaldandi atvinnumöguleikum og tækifærum til sjálfböðastarfs, menntunar og stjórnmalapátttöku.

Upplýsingamiðlun

Þátttakendur í rýnihópum við vinnslu gátlistans lögðu mikla áherslu á grundvallarnauðsyn þess að fá viðeigandi og réttar upplýsingar til þess að viðhalda virkni og stýra lífi sínu. Nánast allstaðar komu fram áhyggjur eldri borgara af því að missa af upplýsingum. Aldursvæn upplýsingagjöf tekur tillit til mismunandi færni fólks og þekkingar og miðlar efni reglulega á margvíslegan fjölbreyttan hátt. Áhersla er á að upplýsingar sem gagnast öldruðum megi nálgast á einum aðgengilegum stað sem hentar hverju samfélagi. Opinberir aðilar geri öldruðum kleift að nálgast rafrænar upplýsingar með aðgengi að nettengdum tölvum á opinberum stöðum og að í boði sé aðstoð eða þjálfun í boði fyrir þá sem þurfa.

Samfélags- og heilbrigðisþjónusta

Í aldursvænni borg er heilbrigðisþjónusta og félagsleg þjónusta veitt á skipulagðan hátt án óþarfa skrifræðis og fjárhagslegra hindrana. Hugsað er fyrir forvörnum, þ.e. aðgerðum til þess að viðhalda heilsu og færni, ekki síður en viðbrögðum við vanda. Heimþjónusta er samþætt og hjúkrunarrými eru til staðar fyrir þá sem þurfa, staðsett í eða nærri íbúðahverfum til þess að viðhalda tengslum íbúa við samfélagið. Æskilegt er að sjálfböðaliðar taki þátt í að aðstoða eldri borgara á ýmsan hátt og að þeir sem veita öldruðum þjónustu komi fram af virðingu og tillitssemi.¹ Þar sem allir þessir þættir koma saman og eru í góðu lagi þannig að þörfum aldraðra sé vel sinnt, þar er aldursvæn borg.

¹ Lýsingar málefnasviða byggðar á efni http://www.who.int/ageing/age_friendly_cities_guide/en/

Tillögur af rásfundi Reykjavík, aldursvæn borg

Tillaga 1: Bókasöfn og aðrar menningarstofnanir

Ókeypis aðgangur á bókasöfn og aðrar menningarstofnanir fyrir 67-69 ára var afnumin fyrir nokkrum árum í sparnaðarskyni. Sama var gert í sundlaugum en fært til fyrr horfs í júní 2016. Í skýrslu um heilsueflingu aldraðra (jan. 2016) var gerð tillaga um þetta yrði fært til fyrra horfs í sundlaugunum og það var gert í júní 2016. Gera þarf áætlun um að einnig verði gjaldfrjálst fyrir 67-69 ára á bókasöfn og aðrar menningarstofnanir.

- Koma í veg fyrir að eldra fólk veigri sér vegna kostnaðar við að sækja bókasöfn, listasöfn og aðra staði andlegrar upplýtingar með því að gera aðgang gjaldfrjálsan fyrir 67 – 69 ára.

Ábyrgð á framkvæmd: Menningar og ferðamálasvið.

Kostnaðarmat: Óljóst hver kostnaðurinn við breytinguna yrði þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda notenda á þessu aldursbili.

Árangursmælikvarði: Gjaldfrjáls aðgangur fyrir 67 – 69 ára.

Málefnasvið: Félagsleg þátttaka.

Tillaga 2: Félagsstarf

Sjálfbærni í félagsstarfi er mikilvæg með tilliti til félagslegrar þátttöku en til að hún virki og fái réttan stuðning er mikilvægt að virkja grasrótina og að sameiginlegur skilningur sé á hugtakinu.

- Til að sjálfbærni/sjálfbært félagsstarf virki þarf að tryggja sameiginlegan skilning á hugtakinu og auka fræðslu um það.
- Gera þarf átak í fræðslu um réttindi borgara í samhengi við hugmyndina um borgaravitund.
- Málefni eldri borgara m.t.t. félagsstarfs verði unnin þvert á svið eftir því sem ástæða er til.
- Skoðaðir verði möguleikar á að starfsemi félagsmiðstöðva verði samfelld án tímabundinna lokana s.s. sumarlokana sem koma einkum illa við þá sem elstir eru og aðra viðkvæma hópa.
- Reykjavíkurborg geri rannsókn á þátttöku eldri borgara í félagsstarfi með það að markmiði að kanna þróun á þátttöku í slíku starfi.
- Starfsfólki félagsmiðstöðva verði gefið aukið sjálfstæði í störfum sínum.
- Skoða möguleika á að virkja fagmenntaða eldri borgara sem sjálfbóðaliða inni í félagsstarfinu. Til þess að það sé hægt þarf að fræða fólk sem starfar í félagsstarfi um hvernig unnið er með sjálfbóðaliðum og hvernig er tekið á móti sjálfbóðaliðum. Koma á þróunarverkefni hjá þjónustumiðstöðvum borgarinnar ásamt félagsmiðstöðvum eldri borgara sem snýr að því að kenna starfsfólki að starfa með sjálfbóðaliðum.

Ábyrgð á framkvæmd: Velferðarsvið í samstarfi við menningar- og ferðamálasvið og mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Þjónustumiðstöðvar, félagsmiðstöðvar o.fl.

Kostnaðarmat: Hálf – eitt stöðugildi sérfræðings í 9 mánuði til að sinna fræðslu fyrir starfsfólk og eftirfylgd veð verkefnunum. Jafnframt verði nýttir verði núverandi starfsmenn velferðarsviðs til hrinda verkefnunum af stað.

Árangursmælikvarði: Samanburðarkönnun á félagsmiðstöðvum - annars vegar þar sem sjálfstæði starfseminnar er meiri og hins vegar þar sem starfsemin er í meira mæli mótuð af hálfu borgarinnar.

Málefnasvið: Félagsleg þátttaka, Virðing og félagsleg viðurkenning.

Tillaga 3: Samstarf og samvinna í samfélaginu.

Sett verði í gang markviss áætlun um að efla samskipti milli kynslóða í samvinnu við leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðvar, bókasöfn og eftir atvikum aðrar menningarstofnanir.

- Eldri borgarar taki reglulega á móti börnum af leikskólum og grunnskólum eða eigi mót við þau á ýmsum vettvangi svo sem félagsmiðstöðvum, skólum og bókasöfnum.
- Eldri borgarar fái tækifæri til að leiðbeina börnum og fræða þau og þannig sé mannauður eldri borgara, reynsla þeirra og þekking nýtt við uppeldi og menntun barna. Hér má m.a. líta til verkefnisins „Heilahristingur“ sem er aðstoð við heimanám í Borgarbókasafninu í samvinnu við Rauða krossinn.
- Nemendur grunnskóla taki að sér að leiðbeina eldri borgurum með tölvur og önnur tæki.
- Að því leyti sem um sjálfböðavinnu er að ræða þarf að huga að viðurkenningu fyrir það.

Ábyrgð á framkvæmd: Skóla- og frístundasvið í samstarfi við velferðarsvið og Menningar- og ferðamálasvið og eftir atvikum við Rauða krossinn í Reykjavík og Félag eldri borgara.

Kostnaðarmat: Gera þarf ráð fyrir einhverri vinnu við að skipuleggja þetta og halda utan um það. Hér væri e.t.v. hægt að samnýta starfsmann með tillögu 2.

Árangursmælikvarði: Ársskýrslum skilað inn um verkefnin af þeim sem bera ábyrgð á því.

Málefnasvið: Virðing og félagsleg viðurkenning, Félagsleg þátttaka.

Tillaga 4: Hverfa- og íbúðahönnun, blönduð byggð, val.

Eldra fólk hafi möguleika á að komast úr eigin húsnæði og inn í íbúð með þjónustu ef það kys svo. Mikilvægt er að fólk með mismunandi færni njóti jafnræðis og því þarf að huga að staðsetningu húsnæðis hjá þeim sem eru t.d. með takmarkaða getu til að ganga. Fyrir þann hóp er mikilvægt að verslun og þjónusta í nágrenninu til að viðhalda sjálfstæði.

- Skipulag hverfa og bygginga hvetji til virkni, hreyfingar og þátttöku m.a. með nálægð við fjölbreytta þjónustu og mannlíf.
- Hverfisskipulag geri ráð fyrir fjölbreyttri byggð sem endurspegli samfélag hvers tíma. Þvert á aldur, kyn, uppruna og annað.
- Aukið framboð af íbúðum frá byggingasamvinnufélögum og í formi félagslegra búsetuúrræða fyrir aldraða.
- Staðsetningar á íbúðum eldri borgara sem byggðar eru í Reykjavík og aðrar ákvarðanir um húsnæðismál eldri borgara séu teknar til umfjöllunar hjá öldungaráði og ferlinefnd borgarinnar, sem veiti umsagnir um áætlaðar staðsetningar.
- Valkostir um búsetu verði til staðar í öllum hverfum að 5 árum liðnum.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Kostnaðarmat: Nýttir verði núverandi starfsmenn umhverfis og skipulagssviðs til hrinda verkefnunum af stað.

Árangursmælikvarði: Niðurstaða hverfisskipulags metin, hlutfallsleg fjölgun íbúða fyrir aldraða, viðhorfskönnun.

Málefnasvið: Húsnæði, virðing og félagsleg viðurkenning.

Tillaga 5: Heilsugæsla og hjúkrunarheimili.

Þar sem nokkur skortur er á læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki í heilsugæslunni þarf heilsugæslan að kortleggja hvernig hægt er að nýta störf þeirra sem best.

Fólk fer nú veikara inn á hjúkrunarheimili en áður var og meðaldvalartími íbúa á hjúkrunarheimilum hefur styst mjög á undanförunum árum. Í kröfulýsingu fyrir öldrunarþjónustu verði kveðið á um eðli, magn og gæði þjónustu.

- Aðkoma fleiri fagaðila í heilsugæslu og betri nýting á kröftum þeirra.
- Öruggt aðgengi að nauðsynlegri þjónustu samdægurs hjá heilsugæslunni.
- Tryggja þurfi að heilsuvernd aldraðra sé í boði á öllum heilsugæslustöðvum.
- Efla heimavítjanir heilsugæslulækna og annarra fagaðila til aldraðra.
- Velferðarráðuneyti efli kostnaðarþátttöku ríkisins í hjálpartækjum fyrir fólk með hreyfihömlun.
- Í kröfulýsingu fyrir öldrunarþjónustu verði tekið tillit til aukinna þarfa fyrir fagþjónustu á hjúkrunarheimilum s.s. vegna líknarmeðferðar og fjölbreyttan heilsufarsvanda íbúa.
- Skilgreind verði sú grunnþjónusta sem hjúkrunarheimili eiga að sinna.

Ábyrgð á framkvæmd: Skrifstofa velferðarsviðs kynni þessar tillögur fyrir Velferðarráðuneyti.

Kostnaðarmat: ekki viðbótarkostnaður.

Árangursmælikvarði: Öflugri heilbrigðisþjónusta með fleiri fagaðilum í heilsugæslu.

Málefnasvið: Samfélags- og heilbrigðisþjónusta.

Tillaga 6: Heimabjónusta

Mikilvægt er að aldraðir hafi raunverulegt val um búsetu, að þeir geti búið lengur heima með lífsgæði að leiðarljósi, flutt í þjónustuíbúðir eða á hjúkrunarheimili eftir vilja og þörf. Sameining heimahjúkrunar og heimabjónustu í Reykjavík hefur leitt til þess að samræming þjónustu er nú mun betri. Mikilvægt er að tryggja fjármagn og mannafla til að heimabjónusta og heimahjúkrun geti brugðist við hratt og örugglega.

- Efling kvöld- og helgarþjónustu í heimabjónustu.
- Boðið verði uppá fjölbreyttari heimabjónustu eftir þörfum hvers og eins. Tækifæri í tækni og nýjum aðferðum nýtt.
- Bæta þarf böðunarþjónustu, bæði heima við og í félagsmiðstöðvum eins og áður var.

Ábyrgð á framkvæmd: Velferðarsvið.

Kostnaðarmat: Greina þarf þörfina fyrir aukna þjónustu til að meta fjárþörf en gera má ráð fyrir talsverðum kostnaðarauka eigi að vera um raunverulegt val að ræða. Hins vegar myndu þeir fjármunir fljótt sparast annarstaðar á móti.

Árangursmælikvarði: Hlutfallsmunur aldraðra sem búa heima á milli ára. Gæði þjónustunnar mæld með RAI-HC gæðaviðmiðum.

Málefnasvið: Samfélags- og heilbrigðisþjónusta, Virðing og félagsleg viðurkenning, Félagssleg þátttaka, Húsnæði.

Tillaga 7: Hjálpartæki, tæknilausnir

Það er mikilvægt að efla sjálfsbjargargetu fólks sem býr við skerta getu og það er m.a. hægt með því að nýta bestu mögulegu hjálpartæki og tæknilausnir á hverjum tíma í þjónustu við eldri borgara.

- Efla kynningar og fræðslu á tæknilegum lausnum meðal eldri borgara.
- Skoða þarf sérstaklega tæknilausnir í þágu fólks með heilabilun og aðstandendur þeirra.
- Efla þarf notkun og möguleika eldri borgara á að nýta tæknilausnir sem þegar eru til og hafa sannað ágæti sitt.
- Mikilvægt er að hefja siðferðilega umræðu um notkun ýmissa eftirlitstækja s.s. notkun GPS til eftirlits með fólki með heilabilun. Lagt til að óskað verði eftir því að Félag aðstandenda alzheimersjúkra (FAAS) hefji þessa umræðu með hlutaðeigandi yfirvöldum.

Ábyrgð á framkvæmd: Velferðarsvið.

Kostnaðarmat: Nýttir verði starfsmenn velferðarsviðs við að hrinda verkefninu af stað.

Árangursmælikvarði: Betri upplýsingar um tæknilausnir og aðgengi að þeim.

Málefnasvið: Samfélags- og heilbrigðisþjónusta.

Tillaga 8: Bæta samstarf heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Gera tilraun í einu hverfi borgarinnar um samstarf milli úrræða í hverfinu þar sem heilsugæsla og heimabjónusta yrðu í nánú samstarfi við hjúkrunarheimili og dagdvalir í hverfinu.

- Samstarf þjónustuúrræða í einu hverfi eða borgarhluta.

Ábyrgð á framkvæmd: Velferðarsvið.

Kostnaðarmat: Nýttir starfsfólk sem fyrir er í viðkomandi hverfi.

Árangursmælikvarði: Markvisst samstarf milli viðkomandi stofnana.

Málefnasvið: Samfélags- og heilbrigðisþjónusta.

Tillaga 9: Upplýsingagjöf

Upplýsingar sem tengjast samgöngumálum má finna á Borgarvefsjá, www.borgarvefsja.is eða www.rvk.is/borgarvefsja. Þar er meðal annars hægt að finna lifandi upplýsingar um snjóhreinun gatna og stíga. Auk þess er hægt að sjá hvaða göngustígar og götur í Reykjavík eru upphitaðar. Næstu skref í upplýsingagjöf í samgöngumálum er að koma inn upplýsingum um umferðarmagn á götum og lifandi upplýsingum um ástandið í umferðinni á hverjum tíma. Kynna þarf einstakar stefnur sem unnar eru fyrir borgina og unnið er eftir í samgöngumálum og gera þær aðgengilegri á netinu, sbr. Hjólréiðaáætlun Reykjavíkurborgar. Bæta þarf upplýsingagjöf til aldraðra um það hvernig nota megir t.d. almenningsamgöngukerfið og akstursþjónustu eldri borgara. Einnig þarf að kynna áherslur í aðalskipulagi borgarinnar og uppbyggingu samgöngukerfis, sem byggist minna á einkabílnum en meira á almenningsamgöngum. Að einhverju leyti má mæta þessu með símaþjónustu og sameiginlegu símaveri, sem getur gefið þessar upplýsingar fyrir þá sem ekki geta nálgast þær rafrænt.

- Setja fleiri gögn á vefinn - Safna saman á einn stað tenglum á stefnur borgarinnar og tenglum inn á skýrslur sem samþykktar eru í nefndum og ráðum.
- Setja inn upplýsingar um umferðarmagn á götum og lifandi upplýsingum um ástandið í umferðinni á hverjum tíma.
- Skoða möguleika á að gera app með upplýsingum um samgöngumál.
- Fjölbreyttari valkostir við að nálgast upplýsingar um almenningssamgöngur og akstursþjónustu eldri borgara.

Ábyrgð á framkvæmd: Upplýsinga- og vefdeild í samstarfi við þjónustuver Reykjavíkurborgar umhverfis- og skipulagssvið og Strætó bs.

Kostnaðarmat: Ekki yrði um viðbótarkostnað að ræða þar sem núverandi starfsmenn myndu sinna þessu verki.

Árangursmælikvarði: Einfaldara að nálgast upplýsingar á einum stað.

Málefnasvið: Samgöngur, Upplýsingamiðlun.

Tillaga 10: Hraðahindranir.

Hraðahindranir hafa verið settar víða um borgina, bæði til að bregðast við kvörtunum borgarbúa og að frumkvæði Reykjavíkurborgar, til þess að draga úr óæskilegum hraða þar sem hann er yfir leyfilegum mörkum og er til þess fallinn að valda hættu. Árlega er unnið að úrbótum í gönguleiðum skólabarna og aldraðra með það að leiðarljósi að tryggja þeim öruggar gönguleiðir í umhverfi sínu. Eru þá gjarnan settar upphækkaðar gönguleiðir yfir götu sem jafnframt eru þá hraðahindrandi aðgerð til að draga úr hraða og bæta öryggi óvarinna vegfarenda. Einnig er unnið í því að draga úr hættum á svokölluðum vástöðum í borginni, þ.e. staðir þar sem slyshætta kann að vera til staðar vegna hraðaksturs og/eða annarra þátta sem draga úr öryggi, með því að fara hraðahindrandi aðgerðir í formi þrenginga eða upphækkana. Á undanförunum áratug hafa verið margar gerðir hraðahindrana í borginni sem er bæði ruglingslegt og hefur í för með sér ákveðið óhagræði. Gera má betur í því að samræma útlit og tegundir hraðahindrana í borginni það er alveg ljóst að hraðahindranir hafa dregið úr hraða og slysum í umferðinni.

- Við endurskoðun á umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur verði skoðað með hvaða hætti aðrar afleiðingar af fjölgun hraðahindrana hafi haft fyrir borgina, t.d. í formi reksturs, tjóns á strætisvögnum og annarra ökutækja, pírings ökumanna, loftgæða o.þ.h.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfis- og skipulagssvið.

Kostnaðarmat: Enginn fyrirsjáanlegur viðbótarkostnaður.

Árangursmælikvarði: Endurskoðun á umferðaröryggisáætlun leiði það í ljós hver árangur hefur verið við gerð hraðahindrana. Hver er ávinningur af hraðahindrunum á móti ókostum. Skoða í víðum skilningi orsakasamhengi milli þess að setja hraðahindrun til að draga úr hraða og afleiðingar þess á aðra þætti umhverfisins.

Tillaga 11: Síma- og almenn þjónusta til þeirra sem ekki hafa aðgang að netinu.

Þörf er á upplýsingasíma um samfélags- og heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða fyrir þá sem ekki hafa aðgang að tölvu eða kjósa að fá upplýsingar með öðrum hætti. Mikilvægt er að viðhalda góðu viðmóti og þjónustu í símsvörun og almennri þjónustu.

- Símaþjónusta borgarinnar miði sérstaklega að þörfum eldri borgara fyrir upplýsingar um réttindi og þjónustu.
- Skoðaðir verði möguleikar á „þjónustuhnapp“ í símsvörun þ.e. að fólk geti hringt og pantað símtal í stað þess að bíða á línunni eftir að fá samband.
- Útbúa bækling með upplýsingum um þjónustu við eldri borgara.
- Tryggja að það sé skýrt letur á upplýsingaefni fyrir eldri borgara.

Ábyrgð á framkvæmd: Skrifstofa þjónustu og reksturs í samstarfi við velferðarsvið.

Kostnaðarmat: Kostnaður við útgáfu og dreifingu bæklinga er um kr. 1.200.000. Óljós kostnaður við uppsetningu á „þjónustuhnapp“. Núverandi starfsfólk nýtist.

Árangursmælikvarði: Þjónustukönnun.

Málefnasvið: Upplýsingamiðlun, Samfélags- og heilbrigðisþjónusta.

Tillaga 12: Tölvufærni

Mikilvægt er að eldri borgurum standi til boða að efla tölvufærni sína með aðgengilegum hætti til að bæta aðgengi þeirra að upplýsingum sem er að svo miklu leiti eingöngu að finna á netinu.

- Auka framboð á tölvunámskeiðum fyrir eldri borgara og tryggja námskeið í félagsmiðstöðvum velferðarsviðs.
- Tryggja aðgang eldri borgara að tölvum í félagsstarfi þar sem starfsmenn félagsstarfs geti aðstoðað ef þörf er á t.d. á föstum tímum.
- Gera átak í að kynna vef borgarinnar t.d. ábendingarvef, borgarvefsjá og netspjallið og jafnvel halda námskeið um hann inni á þjónustumiðstöðvum/félagsmiðstöðvum til þess að auðvelda eldri borgurum að koma upplýsingum um það sem er ábótavant til hlutaðeigandi yfirvalda.

Ábyrgð á framkvæmd: Velferðarsvið.

Kostnaðarmat: Að hluta til nýttast núverandi starfsmenn en meta þarf kostnað við uppsetningu á tölvum og við tölvunámskeið.

Árangursmælikvarði: Virkni, þátttaka og ánægja með námskeið.

Málefnasvið: Upplýsingamiðlun.

Tillaga 13: Bætt aðstaða til útivistar og hreyfingar

Heilsuefning og lýðheilsa eru afar mikilvægir þættir í lífsgæðum borgarbúa. Hlutfall eldra fólks af íbúum Reykjavíkur er stöðugt að hækka og mikilvægt er að huga að heilsu á öllum aldurskeiðum. Rannsóknir benda til að fátt sé betra en útivera og hreyfing þegar kemur að andlegri og líkamlegri heilsu manna.

- Bæta við skjólgóðum afdrepum með fallegum gróðri við útivistarsvæði/stíga.
- Skoðaðar verði leiðir til að gera kröfu um að lóðir fjölbýlishúsa eldri borgara verði hannaðar sérstaklega með afþreyingu og leik eldri borgara í huga.

Ábyrgð á framkvæmd: Umhverfis og skipulagssvið.

Kostnaðarmat: Núverandi starfsmenn vinni að áætlun um verkefni sem þessi.

Árangursmælikvarði: Gerð verði úttekt á breytingum að bættri aðstöðu til útivistar og hreyfingar að þremur árum liðnum.

Málefnasvið: Útisvæði og byggingar.

Tillaga 14: Atvinnuþátttaka

Tímabundnar ráðningar eldri borgara yrðu prófaðar á ákveðnum vinnustöðum í tilraunaskyni. Fundin yrðu störf sem henta.

- Skoða leiðir til að bjóða upp á tímabundnar ráðningar eftir ákveðinn aldur sem þyrftu að endurnýjast - t.d. í samræmi við endurnýjun ökuskríteina.
- Skoða leiðir til að bjóða eldri borgurum upp á verktakavinnu til þess að þeir geti komið að ákveðnum verkefnum.
- Skoða leiðir til að Reykjavíkurborg bjóði upp á meiri sveigjanleika í starfslokum starfsmanna sinna.

Ábyrgð á framkvæmd: Mannauðsskrifstofa Reykjavíkurborgar.

Kostnaðarmat: Núverandi starfsmenn vinni að þessu.

Árangursmælikvarði: Gerð verði úttekt á breytingum á atvinnumöguleikum og sveigjanleika við starfslok hjá Reykjavíkurborg að þremur árum liðnum.

Málefnasvið: Virk samfélagsþátttaka og atvinnumöguleikar, Virðing og félagsleg viðurkenning.

Aðrar tillögur

Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir tillögum sem fram komu á rásfundinum og í starfshópum og ekki er gerð tillaga um að setja í framkvæmd hér að ofan. Ástæður fyrir því eru t.d. að um er að ræða tillögur sem einnig komu fram í skýrslu um heilsuefningu og eru komnar í farveg skv. bókun borgarráðs frá 24. maí 2016, tillögur sem eru nú þegar komnar í undirbúning og/eða til framkvæmdar eða stýrihópurinn taldi ekki forsendur til að gera tillögu um framkvæmd á að svo komnu máli.

#Fjárhagur og félagsleg þátttaka - Dregið verði eftir föngum úr gjaldtöku fyrir aðgang að stöðum og viðburðum eða þátttöku í tómtunda- og félagsstarfi. Hætt verði að taka greiðslu fyrir aðgang að venjulegum minniháttar viðburðum. Komið verði á svokölluðum „heitum pottum“ í öllum hverfum. Upplýsingar verði aðgengilegar um ókeypis félagsstarf.

Niðurstaða: Tillagan kom einnig fram í skýrslu starfshóps um heilsuefningu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. (tillaga nr. 15) Tillögunni var vísað til stýrihóps um aldursvænar borgir og er í vinnslu.

#Samgöngur og aðgengi að félagsstarfi - Leiðakerfi og þjónusta Strætó verði löguð að þörfum eldri borgara.

Niðurstaða: Tillagan kom einnig fram í skýrslu starfshóps um heilsuefningu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. (Tillaga 13). Tillögunni var vísað til Strætó bs.

#Heilsugæslan - Auka þarf samstarf milli Heilsugæslunnar og Félags- og þjónustumiðstöðva. Velferðarsvið taki upp viðræður við Heilsugæsluna um frekara samstarf eftir því sem þörf er á.

Niðurstaða: Tillagan kom einnig fram í skýrslu starfshóps um heilsueflingu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu (tillögur 18 og 19) Tillögunni var vísað til verkefnastjóra félagsauðs og forvarna á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs.

#Frístundakort fyrir eldri borgara

Niðurstaða: Reykjavíkurborg styrkir og styður við starfsemi sem auðveldar eldri borgurum að stunda hreyfingu og félagsstarf t.d. fá eldri borgarar frítt í sund og rekur félagsmiðstöðvar í öllum hverfum borgarinnar þar sem boðið er upp á fjölbreytta dagskrá og eru opnar öllum. Þá njóta eldri borgarar víða afsláttarkjara hjá fyrirtækjum og þjónustuaðilum s.s. líkamsræktarstöðvum. Í skýrslu starfshóps um heilsueflingu er tillaga um gerð hreyfikorta fyrir öll hverfi borgarinnar og er sú tillaga til vinnslu hjá umhverfis- og skipulagssviði, Íþróttá og tómsfundasviði og velferðarsviði skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016.

#Niðurgreiðdir leigubílar

Niðurstaða: Reykjavíkurborg niðurgreiðir nú þegar akstursþjónustu fyrir eldri borgara.

#Heilsugæsla - Aldurstengd heilsufarsskoðun

#Heilsugæsla - Áminningar um aldurstengdar heilsufarsskoðanir í Heilsuveru

Rökstuðningur: Landlæknir og heilsugæslan vinni saman að því að hvetja fólk í almenna heilsufarsskoðun á ákveðnum aldri, t.d. 50 ára, 60 ára, 70 ára, 80 ára o.s.frv. Landlæknir setji upp viðmið hvað eigi að meta í hverri aldurstengdu og kynningarátak sett af stað. Heilsuvera er rafræn sjúkraskráning fyrir einstaklinga. Þar inni ættu að geta komið aðvörunaráminningar til einstaklinga um hvað gott væri að láta athuga varðandi heilsufar á hverju æviskeiði.

Úrvinnsla: Starfshópur um samfélags og heilbrigðismál innan AVB hafði samband við Landlæknisembættið m.t.t. þessara tillagna. Í svarinu frá þeim segir: „*Lengi vel hefur það verið viðurkennt sem gagnreynd þekking að það að bjóða almennt upp á heilsufarsskoðanir á vinnustöðum eða öðrum sambærilegum stöðum sé ekki gagnlegt og því álitur Embætti landlæknis að heppilegra sé að hvetja fólk til almennrar heilsueflingar fremur en að hvetja það til að fara í reglubundna heilsufarsskoðun. Borgarstjóri Reykjavíkur og landlæknir hafa skrifað undir samstarfssamning þar sem unnið er að heilsueflingu á öllum aldurskeiðum og teljum við nær að styrkja það starf og bjóða eldri borgurum uppá fleiri valkosti í heilsueflingu.*“

Niðurstaða: Ekki verði unnið meira með tillögunna af hálfu Reykjavíkurborgar að svo komnu máli.

#Heimþjónusta – Efla endurhæfingu heim.

Niðurstaða: Tillagan kom einnig fram í skýrslu starfshóps um heilsueflingu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. (tillaga nr. 11). Tillögunni var vísað til stýrihóps um aldursvænar borgir og er Skrifstofa þjónustu heim á skrifstofu velferðarsviðs að vinna að verkefninu.

#Matarþjónusta – Aðgengi að mótuneytum og matsal um helgar.

Niðurstaða: Tillaga í skýrslu starfshóps um heilsueflingu um að Reykjavíkurborg endurskoði frá grunni matarþjónustu sína við eldri borgara. Tillagan er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016. (tillaga nr. 6 og 7). Vísað til stýrihóps um heildstæða matarstefnu fyrir borgina.

#Göngustígar – Hálkueyðing og viðgerðir á gangstéttum.

Niðurstaða: Tillagan kom einnig fram í skýrslu starfshóps um heilsueflingu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. (tillaga nr. 9). Vísað til USK, ÍTR, og VELFERÐARSVIÐ.

#Lýsing gatna og merkingar – Margir hafa áhyggjur af götulýsingum og víða sé dimmt í nágrenni þeirra. Einnig eru merkingar á stöðum víða ógreinilegar.

Niðurstaða: Tillagan kom einnig fram í skýrslu starfshóps um heilsuefningu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. tillaga nr. 8). Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, Íþrótt og tólmstundasviðs og velferðarsviðs.

#Umferðarflæði og áhersla á einkabíla Vinna áfram í því að efla almenningssamgöngukerfi borgarinnar og styrkja innviði fyrir aðra samgöngumáta en einkabílinn. Þetta gerist með uppbyggingu á sérstökum strætó akreinum og hjólastígum.

Niðurstaða: Tillagan kom einnig fram í skýrslu starfshóps um heilsuefningu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. tillaga nr. 13). Vísað til Strætó bs.

#Forvarnir - heimsóknir - Tryggja samskipti við þá sem búa einir. Að borgin vitji allra þeirra sem eru 75 ára og eldri, sem ekki hafa neina þjónustu eða eru ekki virkir í félagsstarfi. Þjóða upp á þjónustuinnlit - t.d. til að koma í veg fyrir einangrun. Komið verði á vitjunum eða öryggisheimsóknum til aldraðra. Haft verði samstarf, eftir því sem við á, við aðra aðila, svo sem Landsbjörg, Rauða kross Íslands, kirkjurnar, og Félag eldri borgara. Efla samvinnu við sjálfbóðaliða.

Niðurstaða: Tillaga um fyrirbyggjandi heimsóknir til eldri borgara og samstarf við sjálfbóðaliða kom fram í skýrslu starfshóps um heilsuefningu fjallar um þetta og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. (tillaga nr. 10 og 12) Tillögunni var vísað til stýrihóps um aldursvænar borgir og eru þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs með verkefnið til skoðunar.

#Tölvufærni - Borgin gefi öllum 70 ára spjaltdölvu eða snjallsíma og býður í kennslu.

Niðurstaða: Það er ekki borgarinnar að gefa tækin en tryggja þarf eldri borgurum aðgang að þeim og þekkingu til að nota þau.

#Netspjall - Gagnvirk samskipti. Gátt / spjallsíða v. borgina.

Niðurstaða: Netspjall er á vef borgarinnar. Það er litið á þetta sem afgreitt því hægt er að eiga netspjall við þjónustuver.

Sundlaugar - Aðgengi fyrir alla að sundlaugum.

Niðurstaða: Laugardalslaug er aðgengileg fyrir alla og er sú vinna líka langt komin í Sundhöllinni. Það er einnig verið að gera aðgengisúttektir á öðrum sundlaugum í borginni og í framhaldinu stendur til að gera aðgerðaáætlun til þess að bæta aðgengi í öðrum sundlaugum.

#Bekkir – Fleiri bekkir

Niðurstaða: Tillagan kom einnig fram í skýrslu starfshóps um heilsuefningu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. (tillaga nr. 8). Vísað til USK, ÍTR, og VELFERÐARSVIÐ

#Göngu- og hjólreiðastígar – aðgreining göngu- og hjólreiðastíga

Niðurstaða: Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði er unnið að slíku samkvæmt Hjólreiðaáætlun frá 2015.

#Æfingasvæði við Guðrúnartún verði fært á víðfarnari stað

Niðurstaða: Ekki er lagt til að færa æfingasvæðið við Guðrúnartún annað – frekar að bæta við fleiri slíkum stöðum á víðförnum stöðum ásamt leiðbeiningum um hvernig á að nota tækin.

#Þekkingarbanki - Þróa og koma á fót reynslubanki á tölvutæku formi þar sem hægt er að skrá inn upplýsingar og sækja um reynslu/þekkingu/kunnáttu fólks sem farið er af hefðbundnum vinnumarkaði. Úr honum sé hægt að kalla til eldri borgara t.d. til tímavinnu og sjálfboðaliðastarfa. Sampörun eftirspurnar og reynslu vegna sjálfboðastarfa.

Niðurstaða: Sambærileg tillaga er sett fram í skýrslu starfshóps um heilsueflingu og er í farvegi skv. bókun borgarráðs 24. maí 2016 um þá tillögu. (Tillaga 10) Tillögunni var vísað til stýrihóps um aldursvænar borgir og eru þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs með verkefnið til skoðunar.

#Starfslokanámskeið. Borgin bjóði upp á fræðslu vegna starfsloka - bæði hefðbundin starfslokanámskeið en einnig námskeið sem lúta að undirbúningi fyrir þriðja æviskeiðið.

Niðurstaða: Reykjavíkurborg stendur fyrir árlega starfslokanámskeiðum.

Kjaramál eldri borgara: Reykjavíkurborg beiti sér á vettvangi Sambands sveitarfélaga fyrir minni skerðingum lífeyris vegna atvinnu. Reykjavíkurborg styrki Gráa herinn frekar í baráttu sinni fyrir kjörum eldri borgara.

Niðurstaða: Í forskrift WHO er lagt upp með að horfa til átta málefnasviða sem hóparnir unnu samkvæmt. Kjaramál eru vissulega mikilvæg en falla ekki undir málefnasviðin átta Þá verður ekki séð að hægt sé að leggja til að borgin styðji eitt hagsmunafélag umfram önnur.

Reykjavík vill verða aldursvæn borg

Með stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017 varð til framtíðarsýn sem snýst um það hvernig borgin getur stutt við samfélagsþátttöku og virkni eldri borgara og orðið aldursvæn borg. Liður í þeirri sýn er að taka þátt í samstarfi Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aldursvænar borgir, Global Network of Age Friendly Cities and Communities, eða Heimsneti aldursvænna borga.

Borgarstjórinn í Reykjavík ásamt stýrihópi um aldursvænar borgir sóttu um að vera þátttakandi í verkefni WHO um aldursvænar borgir og fékk inngöngu í verkefnið í maí 2015.

Forsagan

[Samstarfsnet WHO](#) um aldursvænar borgir var sett á stofn árið 2010² í þeim tilgangi að tengja saman borgir um heim allan sem eiga þá sameiginlegu sýn að vilja vera frábær staður til að eldast í og verja efri árunum. Áður, eða árið 2006, hafði WHO kallað saman fulltrúa 33 borga í 22 löndum í þeim tilgangi að skilgreina hvaða þættir í borgarlífi styðja virka og heilbrigða öldrun. Niðurstöður þeirrar vinnu voru birtar í [“Global Age-friendly Cities: A Guide”](#)³ sem er í raun lýsing á því hvernig aldursvæn borg þarf að vera. Upphaflegu borgirnar 33 tóku þátt í að gangsetja samstarfið 2010, en sex árum síðar hafði samstarfsnetið nærri tífaldast þegar [þriðjundruðasta borgin, Ibagué í Kólumbíu](#), gekk til liðs við það í ágúst 2016⁴.

Borgirnar, sem og önnur sveitarfélög og stofnanir sem taka þátt í samstarfinu, skuldbinda sig til þess að vinna með skipulögðum hætti að því að verða aldursvænni. Í þeim tilgangi deila þær með sér þekkingu og reynslu á því hvað gerir borg að aldursvænni borg, hugmyndum að skrefum sem hægt er að taka á leiðinni og tæknilegri þekkingu á skipulagningu- og innleiðingu.

Reykjavík tekur þátt

Í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017, sem samþykkt var í maí 2013 er lagt til að borgin sækir um aðild að Heimsneti aldursvænna borga á vegum WHO. Stýrihópur, skipaður fulltrúum frá sjö sviðum og skrifstofum borgarinnar, undirbjó umsóknina. Í febrúar 2015 sótti Borgarstjórinn í Reykjavík um aðild að verkefninu, og WHO samþykkti aðild Reykjavíkur að samstarfinu í júní 2015. Frá þeim tíma hófst skipulagning stöðumats samkvæmt viðmiðum WHO en þau atriði sem sérstaklega eru skoðuð með tilliti til þess að borgir séu aldursvænar skiptast í átta flokka: Útisvæði og byggingar, Samgöngur, Húsnæði, Félagsleg þátttaka., Virðing og félagsleg viðurkenning, Virk samfélagsþátttaka og atvinnumöguleikar, Upplýsingamiðlun og Samfélags- og heilbrigðisþjónusta.

Lykilatriði í nálgun WHO á verkefnið er þátttaka aldraðra, þróaðgerðaáætlun og vinna að umbótum.

Hvernig borg er aldursvæn borg?

[Viðmið](#) Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aldursvænar borgir byggja á hugmyndum um virkni sem forsendu farsællar öldrunar. Virkni í þessum skilningi á við um áframhaldandi þátttöku í félagslegu, hagrænu, menningarlegu, andlegu og samfélagslegu lífi, en ekki aðeins líkamlega

² <https://extranet.who.int/agefriendlyworld/who-network/>

³ http://www.who.int/kobe_centre/publications/age_friendly_cities_guide/en/

⁴ <https://extranet.who.int/agefriendlyworld/gnafcc-welcomes-ibague-colombia-our-300th-member/>

hreyfigetu og atvinnuþátttöku. Þeir sem eru hættir að vinna eða búa við skerta getu af einhverjum toga geta eftir sem áður lagt sitt af mörkum til fjölskyldna sinna, jafningja og samfélagsins alls.⁵

Aðgengileg, aðlaðandi og hentug borg fyrir eldri borgara er aldursvæn borg.⁶ Aldursvæn borg gerir öllum kleift að taka virkan þátt í samfélaginu og þar er komið fram við alla af virðingu, óháð aldri. Þar er auðvelt fyrir aldraða að halda sambandi og eiga samskipti við aðra og fólki er hjálpað að halda heilsu og virkni fram á efstu ár.⁷ Aldurvæn borg hvetur til virkrar öldrunar með öryggi og öflugum tækifærum til heilsueflingar og samfélagsþátttöku, sem allt eykur lífsgæði fólks. Í reynd þýðir þetta að borgin aðlagi kerfi sín og þjónustu að eldri borgurum, til að fyrirbyggja hindranir og taka tillit til ólíkra þarfa og getu aldraðra íbúa.⁸

[Gátlisti](#) Heimsnets aldursvænna borga á vegum WHO gerir ráð fyrir að unnið sé stöðumat á átta tilteknum málefna sviðum í borgarumhverfinu. Þessi átta málefna svið eru talin hafa afgerandi áhrif á það hversu aðlaðandi og aðgengilegar borgir eru fyrir eldri íbúa þeirra. Mismunandi atriði á hverju sviði geta stuðlað að virkri þátttöku aldraðra í samfélaginu eða hindrað, allt eftir aðstæðum. Gátlistinn var unninn frá upphafi með aðkomu eldri borgara sem tóku þátt í rýnihópum og könnunum í upphaflegu samstarfsborgunum þrjátíu og þremur, sem eru ólíkar að stærð, gerð og menningu, og eru staðsettar víðsvegar um heiminn í fimm heimsálfum.

Innleiðing verkefnisins Reykjavík aldursvæn borg

Umsókn Reykjavíkurborgar um að verða aldursvæn borg í heimsneti aldursvænna borga á vegum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar var samþykkt í júní 2015. Um leið hófst það sem verður a.m.k. fimm ára vinna til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru. Það er velferðarsvið Reykjavíkur sem stýrir umsóknar- og þátttökuférlinu fyrir hönd borgarinnar en í stýrihóp verkefnisins eru fulltrúar frá flestum fagsviðum borgarinnar.

Alþjóða heilbrigðismálastofnun hefur gefið út gátlista sem þátttökuborgir í verkefninu vinna eftir til að ná markmiðum sínum um að vera aldursvæn borg. Meðal þess sem þar er kveðið á um er að eldri borgara séu sýnilegir í samfélaginu, að hugað sé að skertri hreyfigetu fólks á útisvæðum og í almenningssamgöngum, að eldri borgurum bjóðist atvinnuþátttaka við hæfi, að fjölga búsetuúrræðum og ekki síst að eldri borgarar komi að ákvörðunartöku í samfélaginu.

Þetta er einungis brot af því sem til þarf en [gátlistann í heild sinni er að finna á heimasíðu WHO](#).

Rásfundur, Reykjavík aldursvæn borg

Rásfundur verkefnisins í Reykjavík var haldinn 25. nóvember 2015 og var hann fyrsta skrefið í myndun aðgerðaáætlunar. Til þátttöku var boðið 56 fulltrúum frá Félagi eldri borgara, Farsælli öldrun, Öldrunarráði, Öldrunarfræðifélaginu, Samtökum aldraðra, Félagi áhugafólks um íþróttir fyrir aldraða, Félagi áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklunga (FAAS), Reykjavíkurráði ungmenna, Korpúlfum og Notendaráðum félagsmiðstöðva velferðarsviðs, auk þess sem á fundinum voru starfsmenn Reykjavíkurborgar frá þeim sviðum sem standa að stýrihópi verkefnisins. Hægt er að nálgast [skýrslu](#)

⁵ http://www.who.int/ageing/publications/active_ageing/en/ bls. 12

⁶ stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara bls. 2

http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/malefni_eldri_borgara_juni2013_web.pdf

⁷ <http://www.who.int/ageing/age-friendly-world/en/>

⁸ http://www.who.int/ageing/age_friendly_cities_guide/en/ bls. 1

með niðurstöðum og nánari upplýsingum á vef borgarinnar. Átta málefnaþópar hafa starfað áfram og unnið úr niðurstöðum rásfundarins, einn á hverju málefnaþópi aldursvænna borga. Í hópnum störfuðu fulltrúar eldri borgara, fulltrúi frá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, frá velferðarráðuneytinu, frá skóla og frístundasviði, frá velferðarsviði og frá Strætó bs., auk fulltrúa stýrihóps um aldursvænna borgar sem leiddu hópana. og úr þeirri vinnu er gert ráð fyrir að komi aðgerðaáætlun fyrir aldursvænna Reykjavík.

Skýrsla um heilsueflingu aldraðra

Haustið 2015 skipaði borgarstjóri starfshóp um heilsueflingu aldraðra sem kortleggja skyldi heilsueflandi aðgerðir og aðstöðu fyrir eldra fólk í Reykjavík og gera tillögur um frekari heilsueflandi aðgerðir. Starfshópurinn skilaði af sér [lokaskýrslu](#) um mánaðamótin janúar - febrúar 2016. Í skýrslu starfshópsins voru settar fram 26 tillögur um aðgerðir. Borgarráð fjallaði um tillögurnar á fundi sínum 24. maí 2016 og vísaði þeim í viðeigandi farveg. Nokkrar tillögur sem fram komu á rásfundi um Aldursvænna borgir höfðu áður komið fram í skýrslu um heilsueflingu og eru því komnar í farveg eftir samþykkt borgarráðs.

Global Network of Age-friendly Cities and Communities

Heimsnet aldursvænna borga er á vefnum og hægt er að skoða þar stöðumat, aðgerðaáætlanir og stakar aldursvænna aðgerðir sem þátttökuborgir skrá upplýsingar um. Einnig er þar að finna gátlista WHO um aldursvænna borgir og ýmsar leiðbeiningar og annað efni um farsæla öldrun. Smellið á tenglana hér fyrir neðan til þess að fá nánari upplýsingar.

[WHO Age-friendly World](#)

[Heimsnet aldursvænna borga](#)

[Gagnagrunnur aldursvænna aðgerða](#)

[Heimasíða Reykjavíkur í heimsnetinu](#)

[Upplýsingar frá Reykjavík um innleiðingu og aldursvænna aðgerðir](#)

Netfang: aldursvaenborg@reykjavik.is

Tengt efni:

<http://reykjavik.is/radognefndir/oldungarad>

<http://reykjavik.is/frettir/reykjavik-verdur-aldursvaen-borg>

<http://reykjavik.is/frettir/audlind-i-aldri-og-reynslu>

<http://reykjavik.is/frettir/fritt-i-sund-fyrir-67-ara-og-eldri>

<http://reykjavik.is/frettir/stefna-i-malefnum-eldri-borgara-til-arsins-2017>

<http://reykjavik.is/frettir/adgerdaraetlun-i-malefnum-eldri-borgara>

BORGARRÁÐ 17.11.2016: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afgreiðslu tillögu borgarstjórnarfulltrúa um áfengisfrumvarp - R14110132

Fyrir tveimur árum síðan lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn fram tillögu um að borgarstjórn myndi hvetja Alþingi til að samþykkja áfengisfrumvarpið svokallaða þar sem einsýnt er að það myndi styðja við markmið aðalskipulags borgarinnar um aukna hverfisverslun. Tillagan var ekki samþykkt en henni vísað í borgarráð. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði furða sig á hverju það sæti að afgreiðsla málsins hafi tafist svona gríðarlega mikið og hvenær sé von til þess að tillagan verði afgreidd?

Borgarstjórn Reykjavíkur

18. nóvember 2014

Ályktunartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi:

Borgarstjórn skorar á Alþingi að samþykkja áfengisfrumvarpið svokallaða sem kveður á um að áfengi verði selt í verslunum. Slík breyting á verslun með áfengi er mikið og mikilvægt hagsmunamál fyrir borgina og borgarbúa þar sem hún mun stuðla að markmiðum nýs aðalskipulags borgarinnar um sjálfbærni hverfa svo að borgarbúar geti nálgast daglega verslun og þjónustu í nærumhverfi sínu. Áfengi er hluti af neysluvöru borgarbúa og ljóst að fáar og illa staðsettar áfengisverslanir ríkisins vinna gegn þeirri þróun. Verslun með áfengi í hverfisverslunum mun hins vegar stuðla að því markmiði aðalskipulags að umhverfi daglegrar verslunar borgarbúa verði hverfisvæddara í nærumhverfi borgarbúa á sjálfbærari og samkeppnis- og umhverfisvænni hátt.

Greinargerð:

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir áherslum sem kallast „Kaupmaðurinn á horninu“ sem fela í sér að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana svo að þeir geti sótt sem mest af sinni daglegri verslun og þjónustu í nærumhverfi sínu en þurfi ekki að sækja hana á bíl. Langflestar áfengisverslanir ríkisins eru ekki staðsettar á stöðum sem fullnægja því markmiði. Í Reykjavík eru einungis 7 áfengisverslanir ríkisins og því ekki staðsettar í öllum hverfum borgarinnar. Engin þeirra verslana getur heldur kallast hverfisverslun í skilningi áherslna um „Kaupmanninn á horninu“ í aðalskipulagi þar sem þær eru ýmist við stórar verslunar- eða umferðargötur, í verslunarmiðstöðvum eða staðsettar á stórum bílastæðum á svæðum þar sem fæstir koma á annan hátt en á bíl. Verslun með áfengi í verslunum mun einnig stuðla hinum veigamikla þætti að með því fá hverfisverslanirnar og hinir eiginlegu kaupmenn á hornum hverfanna tækifæri til að bjóða upp á vinsæla samkeppnisvöru sem stuðlar að því að borgarbúar finni sig síður nauðbeygða til að keyra í útjaðra borgarinnar til að versla bæði mat og drykk á þeim stað þar sem áfengisverslanirnar eru staðsettar. Með því að hverfisverslanirnar geti einnig selt áfengi er því verið að stuðla að því að heildarinnkaupin séu gerð innan hverfisins, eins og áherslur aðalskipulags bera með sér.



Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur - frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi

Almennt: Umsögn

Málsnúmer: R14110132

Bréfalyklar: 175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni

Eigandi skjals: Úlfhildur Jóna Þórarinsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar :

Búið til: 05.01.2015

Dagsetning skjals: 30.12.2014

Upplýsingar um viðskiptavin :

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (590182-2069)

Árný Sigurðardóttir

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Sími: 588 3022

Fax: 588 2230

Skjalalykill	175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni	Málsnúmer	R14110132
Móttökudags.	05.01.2015	Skráð í GoPro	05.01.2015

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Borgarráð	Fyrirtæki/stofnun	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Starfsmaður		Nafn	Árný Sigurðardóttir
		Kennitala:	590182-2069
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			

Sent:


Sent til:



- ~max0003.TIF



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Reykjavík, 22. janúar 2015
2014110037
0.4.0

Ráðhús Reykjavíkur
b.t. Borgarstjórn Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Svar við erindi um ályktunartillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um verslun við áfengi.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á lögum um verslun með áfengi sem felur í sér að sala þess verði heimiluð í matvöruverslunum. Í því felst jafnframt afnám á einkaleyfi hins opinbera á smásölu áfengis, en það fyrirkomulag hefur verið við lýði um áratuga skeið m.a. á grunni lýðheilsusjónarmiða almennt og til þess að tryggja vernd barna og ungmenna sérstaklega.

Verði þessar breytingar að veruleika felur það í sér að farið verður með áfengi eins og hverja aðra almenna neysluvara. Það er mat velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að ekki sé unnt að flokka áfengi sem venjulega neysluvöru og hún eigi fyrir vikið ekki að lúta sömu viðmiðum og þær. Því er mikilvægt að áfengi verði áfram selt samkvæmt núverandi fyrirkomulagi sem hamlar aðgengi að því og dregur úr neyslu.

Í greinagerð með frumvarpinu er víða vísað til þess að aðgengi að áfengi verði betra, mun fleiri útsöluverðir en nú er og meiri jöfnuður m.t.t. landsbyggðarinnar og þeirra verslana sem ekki eru staðsettar í návígi við vínbúðir. Áhersla er lögð á verslunarhætti og viðskiptasjónarmið eru ríkjandi sem rök fyrir breytingu á þessum lögum.

Í frumvarpinu er hvorki vikið að þeim neikvæðu afleiðingum sem stóraukið aðgengi að áfengi hefur á áfengisneyslu né félags- og heilsutengdar afleiðingar aukinnar neyslu áfengis. Neikvæðar afleiðingar af því sölufyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafa töluvert verið rannsakaðar. Ofneysla áfengis er eitt stærsta heilsufarsvandamál okkar samtíma og áfengi er algengasta vímuefnið. Ofneysla áfengis getur einnig haft félagslegar afleiðingar fyrir neytendur áfengis, m.a. dregið úr starfsgetu, stuðlað að félagslegri einangrun, valdið fjölskylduvandamálum og þannig haft áhrif á fleiri en neytandann sjálfan en óbein áhrif áfengisneyslunnar geta verið töluverð (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin - WHO).

Vakin er athygli á sjónarmiði embættis landlæknis sem hefur þungar áhyggjur af frumvarpinu og telur landlæknir að frumvarpið sé í beinni andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar um að efla lýðheilsu í landinu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin tekur í sama streng og lýsir þungum áhyggjum af afleiðingum frumvarpsins og bendir á að líklega muni neysla aukast sérstaklega meðal ungs fólks, viðkvæmra

hópa og þeirra sem drekka mikið.

Ungt fólk og jaðarhópar eru í sérstakri áhættu ef aðgengi að áfengi eykst og því getur fórnarkostnaðurinn orðið mikill og rökrétt að vinna að því að koma í veg fyrir vanda frekar en bæta skaða eftir á. Því lengur sem ungt fólk sniðgengur áfengi þeim mun minni líkur eru á þau leiðist út í neyslu vímuefna. Það er ekkert sem kemur fram í frumvarpinu sem bendir til þess að horft hafi verið sérstaklega til hagsmuna barna og ungmenna eða fjallað um það á hvern hátt hagsmunum þeirra geti verið betur borgið með þeim breytingum á aðgengi að áfengi sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Sá árangur sem hefur orðið á Íslandi í forvörnum hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi og litið er til þeirra leiða sem farnar hafa verið hér. Opinberir aðilar, frjáls félagasamtök og foreldrar hafa tekið höndum saman til að vinna gegn áfengisneyslu ungs fólks með góðum árangri. Það takmarkaða aðgengi sem er að áfengi á Íslandi er jafnframt talið hafa lagt lóð á vogaskálarnar. Takmarkað aðgengi að áfengi er talin ein skilvirkasta leiðin til að sporna við aukinni áfengisneyslu og draga úr þeim skaða sem getur hlotist af henni skv. Alþjóðaheilbrigðisstofnunni.

Í tölum frá Rannsóknum og greiningu um neyslu grunnskólabarna frá 1997–2014 kemur fram að árið 1998 höfðu 42% nemenda í 10. bekk orðið ölvuð sl. 30% daga en árið 2014 voru það 5%. Hins vegar má sjá aðrar tölur þegar horft er til þeirra ungmenna sem komin eru í framhaldsskóla, en þar höfðu 30% ungmenna á aldrinum 16–17 ára orðið ölvuð sl. 30 daga þegar rannsóknin fór fram, en hún var framkvæmd á fyrstu önn framhaldsskóla.

Forvarnarfulltrúar sem starfa á þjónustumiðstöðvum, telja að breytingar á sölu áfengis á Íslandi sé ógn við forvarnir og sé líklegt til að hafa víðtæk neikvæð áhrif á velferð þjóðarinnar og þá ekki síst á börn og unglínga. Þeir vekja athygli á því hvernig eftirlit með áfengiskaupaaldri yrði háttað í matvöruverslunum en ætla má að það verði ekki eins árangursríkt og samkvæmt núverandi fyrirkomulagi þar sem starfsfólk matvöruverslana er að stórum hluta unglíngar undir tvítugu. Gert er ráð fyrir að ungmenni yngri en 18 ára megi ekki afgreiða áfengi. En stór hópur þeirra sem vinna í matvöruverslunum er ungt fólk sem þarf að standast þrýsting jafnaldra sinna við afgreiðslu og gæti það reynst mörgum örðugt.

Forvarnarfulltrúar Velferðarsviðs telja að frumvarpið fari gegn stefnu Reykjavíkurborgar í forvörnum og er tekið undir það sjónarmið. Í forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að taka tillit til allra þátta sem geta haft áhrif á líðan og hegðun barna og unglínga. Því er mikilvægt að styrkja alla þá verndandi þætti sem vitað er að dragi úr eða komi í veg fyrir neyslu áfengis. Það mun spara samfélaginu mikla fjármuni sem er hægt að nýta í uppbyggileg verkefni og auka velferð í samfélaginu.

Á grundvelli hagsmuna barna og ungs fólks og þess árangurs sem náðst hefur í forvarnarstarfi á Íslandi er varað við því að umrætt frumvarp nái fram að ganga.

Virðingarfyllt



Kristjana Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri, ráðgjafarþjónustu



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr.: RH110132
Skjalasafn Ráðhúss
19. des. 2014
Bréfalykill: 175

Reykjavík 18.12.2014
US 140237

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 17. desember 2014 varðandi eftirfarandi mál.


Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar f.h. borgarráðs frá 25. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs um ályktunartillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 5. desember 2014.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssvið dags. 5. desember 2014 samþykkt.
Samþykkt*

Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson situr hjá við afgreiðslu málsins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Örn Sigurðsson

Fylgiskjal: umsögn umhverfis og skipulagssviðs dags. 5. desember 2014



Mál: Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um ályktunartillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, sem lögð var fyrir borgarstjórn þann 18. nóvember sl., vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi:


„Borgarstjórn skorar á Alþingi að samþykkja áfengisfrumvarpið svokallaða sem kveður á um að áfengi verði selt í verslunum. Slík breyting á verslun með áfengi er mikið og mikilvægt hagsmunamál fyrir borgina og borgarbúa þar sem hún mun stuðla að markmiðum nýs aðalskipulags borgarinnar um sjálfbærni hverfa svo að borgarbúar geti nálgast daglega verslun og þjónustu í nærumhverfi sínu. Áfengi er hluti af neysluvöru borgarbúa og ljóst að fáar og illa staðsettar áfengisverslanir ríkisins vinna gegn þeirri þróun. Verslun með áfengi í hverfisverslunum mun hins vegar stuðla að því markmiði aðalskipulags að umhverfi daglegrar verslunar borgarbúa verði hverfisvæddara í nærumhverfi borgarbúa á sjálfbærari og samkeppnis- og umhverfisvænni hátt.“

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar f.h. borgarráðs frá 25. nóvember sl, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs um ofangreinda ályktunartillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Eins og kemur fram í greinargerð með ályktunartillögu eru skýr markmið í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030) um að efla verslun og þjónustu innan íbúðarhverfanna, að sem flestir geti nýtt sér daglega verslun og þjónustu fótgangandi eða hjólandi og almennt verði dregið úr vegalengdum hvort sem verið er að sækja vinnu eða þjónustu. Tilgangur slíkra markmiða er að gera hverfin sjálfbærari, ýta undir fjölbreyttara mannlífi innan þeirra, styðja við vistvænar samgöngur, létta á umferðarlági og stuðla að bættri lýðheilsu. Þessi markmið koma einkum fram í kaflanum um *Kaupmanninn á horninu*. Þar segir m.a.: „Í hverjum borgarhluta og hverju hverfi skal vera hverfiskjarni og nærþjónustukjarni, þannig að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana og sem flestum gert kleift að versla, fótgangandi eða hjólandi, innan síns hverfis.“ (bls. 169). Þar segir einnig: „Matvöruverslanir og aðrar dagvöruverslanir verði fyrst og fremst staðsettar innan skilgreindra borgarhlutakjarna, hverfiskjarna og nærþjónustukjarna. Minni dagvöruverslanir geta einnig verið heimilar við aðalgötur innan íbúðarhverfa.“ (bls. 169). Í markmiðum í kaflanum *Vistvænni samgöngur*, segir enn fremur: „Skipulag byggðar leiði til styttri vegalengda, dragi úr ferðaþörf og þörf fyrir umfangsmikil samgöngumannvirki.“

Óumdeilt er að vín og annað áfengi er neysluvarningur og innkaup á því er hluti af neyslumynstri stórs hluta borgarbúa. Bætt aðgengi að þessum neysluvarningi, í formi fjölgunar staða sem hægt er að gera innkaup á áfengi, samræmist því vel þeim markmiðum sem gerð er grein fyrir hér að ofan. Í Reykjavík eru aðeins 7 vínbúðir og eru 17.300 íbúar um hverja búð. Til samanburðar er 2.300 íbúar í baklandi vínbúðarinnar í Hveragerði. Íbúar í Reykjavík sem eru í göngufæri (400 m) við þessar 7 vínbúðir, auk búðarinnar á Eiðistorgi, eru aðeins 3.500. Vínbúðirnar eru heldur ekki markvisst staðsettar í grennd við kjarna sem þjóna ákveðnum hverfum eða borgarhlutum (sjá mynd). Til samanburðar eru yfir 50.000 Reykvíkingar í göngufæri við matvörubúð sem selur neysluvarning í öllum helstu vöruflokkum (LUKR, 1. desember 2014), sem þó getur ekki talist ásætlanlegt hlutfall.

“Dagvöruverslanir eru verslanir sem selja almennar neysluvörur til daglegra þarfa á heimilum. Hér eru matvöruverslanir skilgreindar sem verslanir sem selja neysluvörur til daglegra þarfa í öllum helstu vöruflokkum. Minni dagvöruverslanir eru bakarí, fiskbúðir, kjötbúðir og aðrar ferskvöruverslanir í völdum vöruflokkum.“



Breytt fyrirkomulag verslunar með áfengi, hvort sem það er gert með afnámi einkaleyfis ríkisins eða með breyttri stefna ÁTVR í rekstri vínbúðanna, gæti ýtt undir fjölgun verslana og markvissari staðsetningu þeirra í kjörnum hvers hverfis, þar sem hægt er að nálgast annan neysluvarning. Með þeim hætti væri stutt við markmið aðalskipulagsins um sjálfbæra borgarþróun.

Aðkoma sveitarfélaga að staðsetningu og fyrirkomulagi verslunar með áfengi er mikilvæg, hvort sem verslunin er á hendi ríkisins eða einkaaðila. Veiting vínveitingaleyfa til veitingastaða er á hendi sveitarfélaganna og nauðsynlegt er að setja skýra stefnu um staðsetningu þeirra í skipulagi (sbr. ákvæði AR2010-2030) og kröfur og skilyrði í málsmeðferðarreglum. Ef fyrirkomulagi verslunar með áfengi er breytt, sbr. frumvarp, er mikilvægt að mörkuð verði ákveðin stefna um þau skilyrði sem smásöluaðili þarf að uppfylla, varðandi staðsetningu, rekstrarfyrirkomulag, afgreiðslutíma ofl. Slíkar kröfur eða ákvæði mætti festa í aðalskipulagi borgarinnar og þannig hefði borgin í hendi sér að stýra, upp að vissu marki, aðgengi að áfengi út frá sínum lýðheilsusjónarmiðum. Í frumvarpinu og greinargerð þess er gerð ágæt grein fyrir aðkomu sveitarfélaganna og mögulegri stýringu þeirra í gegnum leyfisveitingar.

Ekki er tekin afstaða til þess hér, hvort afnema eigi einkaleyfi ríkisins á sölu áfengis, en ljóst er að núverandi verslunarfyrirkomulag ÁTVR styður ekki við ofangreind markmið AR2010-2030.

Haraldur Sigurðsson

Reykjavík, 13. febrúar 2015
R14110132
175
HBL/újp

Velferðarráð
Stefán Eiríksson sviðsstjóri
Borgartún 10 - 12
105 REYKJAVÍK

Ályktunartillaga um áfengisfrumvarp

Á fundi borgarráðs þann 12. febrúar 2015 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 20. nóvember 2014, með ályktunartillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um áfengisfrumvarp, sem vísað var til borgarráðs á fundi borgarstjórnar þann 18. nóvember 2014. Jafnframt voru lagðar fram umsagnir umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. desember 2014, heilbrigðiseftirlitsins, dags. 30. desember 2014, og velferðarsviðs, dags. 22. janúar 2015.

Borgarráð frestaði afgreiðslu tillögunnar en vísaði umsögnum velferðarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til umfjöllunar og umsagnar velferðarráðs.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Umsagnir velferðarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Reykjavík, 16 nóvember 2016

Efni: Athugasemdir við drög að nýrri reglugerð fyrir veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Með auglýsingu á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 2. nóvember 2016 var óskað eftir umsögnum vegna framkominna draga að nýrri reglugerð fyrir veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Reglugerðin er byggð á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og á að taka gildi 1. janúar 2017. Markmið með breytingu á núgildandi reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 585/2007 er að koma til móts við þá þróun sem orðið her í framboði gistirýma.

Hér á eftir eru athugasemdir sem skipulagsfulltrúinn í Reykjavík hefur gert við kynnt reglugerðardrög.

c- liður. 1. mgr. 4. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að einkaheimili geti orðið gistiheimili og sé þá flokkað sem minna gistiheimili. Skilgreiningin felst í fjölda herbergja eða gistipláss, þ.e. færri en 5 herbergi eða gistipláss fyrir færri en 10 einstaklinga. Þessi heimild kann að vera vandkvæðum bundin í þeim sveitarfélögum þar sem afstaða hefur verið tekin til nýtingar fasteigna eftir landnotkunarsvæðum. Í Reykjavík er heimilt á íbúðarsvæðum að stunda rekstur gististaðar í flokki I, þ.e. heimagisting skv. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Takmörkunin kemur fram í landnotkunarkafli aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Allur annar gististaðarekstur, þ.e. flokkur II-V er óheimill á íbúðarsvæðum. Eins og heimildin er sett fram í drögnum þá kann hún að valda óvissu um notkunarheimildir fasteigna innan þeirra sveitarfélaga sem sett hafa slíkar takmarkanir, enda ekki gert ráð fyrir gististarfsemi innan íbúðarsvæða.

1. mgr. 13. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að bjóða upp á heimagistingu á lögheimili einstakling og einni annarri fasteign í hans eigu. Heimildin um aðra fasteign í eigu einstaklings kann að leiða til þess að fasteign sem að öðrum kosti yrði boðin á almennum leigumarkaði verði tekin undir heimagistingu. Sem dæmi má nefna þá kann sú staða að koma upp að íbúð sem að öðrum kosti yrði boðin til langtímaleigu verði tekin undir heimagistingu til styttri tíma. Með því móti kann eignum á almennum leigumarkaði sem boðin eru til



Reykjavíkurborg

Langtímaútleiga að faskka, sem aftur leiðir til þess að leigjendur búi við ótrygga leigu og eigi það á hættu að leigusamningi verði sagt upp, eða hann einungis gerður til 9. mánaða svo nýta

megi 90 daga útleigutíma til heimagistingar, og að mati skipulagsfulltrúa gengur þessi heimild gegn almennum markmiðum um samnýtingu, enda var heimildin upphaflega hugsuð með þeim hætti að hún myndi opna möguleika einstaklinga til að leigja út fasteign sem hann nýtti ekki nema að hluta, t.d. sumarhús. Lagt er til að þessi heimild verði felld brott, eða henni breytt m.v. til framangreindra athugasemda. Ákvæðið hljóðar svo breytt:

„Heimagisting er gisting á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign í hans eigu sem ætluð er til frístundanota. Ef um er að ræða lögheimili einstaklings er ekki skilyrði að viðkomandi sé einnig þinglýstur eigandi. Telji þinglýstur eigandi að framleiga íbúðarinnar fari gegn rétti sínum getur hann gripið til riftunar samkvæmt húsaleigulögum.“

1 .mgr. 26. gr.

Í drögunum er gert ráð fyrir að áður en til útgáfu rekstrarleyfis kemur skv. 25. gr. reglugerðarinnar skuli leyfisveitandi senda sveitarstjórn umsóknina til umsagnar. Samkvæmt 3. mgr. skal sveitarstjórn afla umsagnar heilbrigðisnefndar og byggingarfulltrúa innan sveitarfélagsins og skila til leyfisveitanda. Í einstökum sveitarfélögum er sá háttur hafður á að í stað þess að fela byggingarfulltrúa sveitarfélagsins að annast málefni sem fram koma í skipulagslögum nr. 123/2010, þá starfar sérstakur skipulagsfulltrúi sem framfylgir ákvæðum skipulagslaga. Til þess að tryggja að fyrir rekstrarleyfisútgáfu sé leyfisveitanda veitt réttust og skýrust svör um skipulagslega stöðu þeirrar fasteignar sem nýta á undir gististarfsemi, þá færi betur á að í reglugerðinni væri kveðið á um að sveitarstjórn skyldi afla umsagnar skipulagsfulltrúa þar sem við á. Ákvæðið hljóða svo breytt samkvæmt tillögu:

„Sveitarstjórn skal afla umsagna frá heilbrigðisnefnd og byggingarfulltrúa innan síns sveitarfélags, sem og skipulagsfulltrúa þar sem það á við, og skila leyfisveitanda sameinaðri umsögn frá þessum aðilum. Um efni umsagna allra þessara aðila vísast til 27. gr. reglugerðar. Viðkomandi sveitarstjórn getur aðlagð ferli við þetta eftir því sem þurfa þykir.“

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík telur mikilvægt að litið verði til þeirra athugasemda sem fram koma hér á undan og að reglugerðin verði ekki samþykkt fyrir en tekið hafi verið tillit til þeirra.

Að öðru leyti tekur skipulagsfulltrúi undir athugasemdir sem fram koma í umsögn Sambands Íslenskra Sveitarfélaga dags. 15. nóvember sl.

f.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík


Björgvin Rafn Sigurðarson hdl.



Borgarráð

Jaðar í Elliðavatnslandi - niðurrif

Óskað er eftir að Orkuveitu Reykjavíkur (OR) verði gefin heimild til að rífa húseignir Reykjavíkurborgar að Jaðri í Elliðavatnslandi.

Greinargerð: OR hefur verið umráðandi fasteignarinnar Jaðars í Elliðavatnslandi í mörg ár en eigandi er Reykjavíkurborg. OR hefur óskað eftir heimild eigenda til að rífa og fjarlægja húsið af brunnsvæði vatnsverndar við Gvendarbrunna. Eina notkun þess er að hýsa varaafstöð vatnsveitunnar.

Nauðsynlegt er að fjarlægja stöðina, sbr. 11. gr. samþykktar um verndarsæði.

Húsið sem byggt var í þremur áföngum á árunum 1944-1948, hefur ekki náð þeim aldri að falla undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar, sbr. þó umsögn Minjastofnunar dags. 17. desember 2014. Jaðar stendur á brunnsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og ekki er unnt að nýta það undir starfsemi sem kallar á umferð um svæðið.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Erindi OR dags 9. nóvember 2016.

Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. desember 2014.

Reykjavík, 09.11.2016
HS/EHj/ESReykjavíkurborg - Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
b.t. Hrólfs Jónssonar, skrifstofustjóra
hrolfur.jonsson@reykjavik.is**Efni: Jaðar í Elliðavatnslandi**


Orkuveita Reykjavíkur, sem umráðandi fasteignarinnar Jaðars í Elliðavatnslandi (fasteignanúmer 205-7634), óskar heimildar Reykjavíkurborgar, sem eiganda fasteignarinnar, til að rífa og fjarlægja húsið af brunnsvæði vatnsverndar við Gvendarbrunna. Eina notkun þess er að hýsa varaafstöð vatnsveitunnar. Nauðsynlegt er er að fjarlægja stöðina, sbr. 11. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 19. júní 2015.

Húsið, sem byggt var í þremur áföngum á árunum 1944-1948, hefur ekki náð þeim aldri að falla undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar, sbr. þó umsögn Minjastofnunar dags. 17.12.2014. Jaðar stendur á brunnsvæði vatnsverndar og í áðurnefndri samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla segir:

Brunnsvæði skal algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð, framkvæmdum og starfsemi annarrí en þeirri, sem nauðsynleg er vegna vatnsveitunnar.

Veitur ohf., dótturfélag OR, rekur vatnsbólin í Heiðmörk. Þegar fyrirtækið hefur fjarlægt varaflstöðina sem nú er í húsinu, sem áformað er á árinu 2018, mun vatnsveitan engin not hafa af húsinu. Í ljósi þess sem segir í vatnsverndarsamþykktinni, að öll önnur not eru óheimil, þykir OR rétt að fjarlægja húsið og óskar hér með heimildar húseiganda til þess. Fáist heimildin verður leitað til byggingafulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um framkvæmdina.

Virðingarfyllst,

Hólmfríður Sigurðardóttir
umhverfisstjóri

Hjálagt:

Útskrift úr Fasteignaskrá, dags. 9.11.2016
Umsögn Minjastofnunar, dags. 17.12.2014

Afrit:

Veitur ohf.
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



[Heim](#)
[Stillingar](#)
[Skoða notkun](#)

Staða:

Núverandi

Elliðavatnsland Jaðar
Reykjavík

Fastanúmer 205-7634

Landnúmer 113465

Notkun Sumardvalarheimili

Greinitala 0000 01 81---75

Fasteignamat 106.780.000	Brunabótamat 126.300.000	Bygg.efni Steypt, St+hlaðið
Húsmat 98.000.000	Tryggingafélag Sjónvá-Alm.	Fasteignamat næsta árs: 112.018.000
Lóðarmat 8.780.000	Flatarmál 885,0 m ²	

Eigendur skv. gjaldendaskrá

Kennitala	Nafn	Eig.hluti	Kaupdagur	Afhendingardagur
530269-7609	Reykjavíkurborg	100,0000%	10/11/1979	vantar
551298-3029	Orkuveita Reykjavíkur	Umráðandi	07/01/2002	07/01/2002

Sérmetnar einingar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Bstig	Flatarmál	Mstig	Fasteignamat	Brunab.mat	Endurst.verð
01 0101	Sumardvalarheimili	1945	7	588,0 m ²	7	61.930.000	68.550.000	79.982.000
02 0101	Sumardvalarheimili	1948	7	220,0 m ²	7	34.750.000	44.750.000	51.966.000
03 0101	Sumardvalarheimili	1945	7	77,0 m ²	7	10.100.000	13.000.000	15.186.000

[Allar](#)

Lóð

Landnr 113465 Annað land **Stærð** 9,8 ha **Heildarlóðarmat** 13.560.000
Eigendur: 551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur 100,0000%

Vísitala brunabótamats: 655,3
 Stærð mathluta 01 er 588,0m² og 1253,0m³
 Dagsetning yfirlits: 09/11/2016

[Eigendasaga](#)
[Breytingasaga](#)

Skýringar:

Bstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa
 Mstig: Matsstig (forsenda mats, metið byggingarstig)

[Til baka](#)

Notandi: orkuveita

Borgarsögusafn Reykjavíkur
María Karen Sigurðardóttir sviðsstjóri
Árbæjarsafni v. Kistuhyl
110 Reykjavík



Reykjavík, 17. desember 2014
Tilvísun: 3958

Erindi: Jaðar, Heiðmörk mat á varðveislugildi

Í bréfi Orkuveitu Reykjavíkur til Borgarsögusafns Reykjavíkur 30.9.2014 er óskað eftir mati á varðveislugildi hússins að Jaðri við Heiðmörk sem er í eigu fyrirtækisins. Í tölvupósti 15.10. 2014 óskar María Karen Sigurðardóttir f.h. borgarsögusafns eftir álitum Minjastofnunar um varðveislugildi hússins.

Húsið að Jaðri byggt á árunum 1944-48 eftir uppdráttum Guðmundar H. Þorlákssonar húsameistara, sem varðveittir eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Jaðar var reistur sem sumardvalarheimili Góðtemplara sem unnu að fjáröflun og byggingu hússins í sjálfboðavinnu. Til eru líkanmyndir af framtíðarstækkun þess sem vitna um stórhug þeirra sem stóðu að byggingu þess. (Fálkinn, 34 tbl 3.9.1948, bls. 2-3.) Eftir 1950 tók Rauði krossinn við rekstri sumarhótels að Jaðri og starfrækti þar sumarhúðir fyrir börn. Fram yfir síðustu aldamót var húsið nýtt af Vatnsveitu Reykjavíkur, m.a. fyrir sumarstarfsmenn.

Byggingin er steinsteypt og samanstendur af tvílyftri gistiálmum með nýtanlegri rishæð og einlyftri álmum með samkomusal ásamt bakrýmum. Þann 27.11. sl. skoðuðu fulltrúar Orkuveitu, Minjastofnunar og Borgarsögusafns húsið ásamt Magnúsi Skúlasyni arkitekt til að meta ástand þess og varðveislugildi. Salarálmunni hefur verið vel við haldið, m.a. hafa gluggar og þakklæðning verið endurnýjuð. Tvílyfta gistiálman er verr farin, þakklæðning er ónýtt og víða leki með þakgluggum. Þá er steinsteyptur austurgafli álmunnar sprunginn og rakaskemmdir í herbergjum sem að honum liggja. Húsið að Jaðri hefur ekki náð þeim aldri að falla undir lög um menningarminjar nr. 80/2012. Þar sem Jaðar stendur innan brunnsvæðis vatnsverndar Höfuðborgarsvæðisins er ekki unnt að nýta það undir starfsemi sem kallar á umferð um svæðið.

Að mati Minjastofnunar hefur Jaðar ótvírætt menningarsögulegt gildi og fágætisgildi sem dæmi um sérhannaðar sumarhúðir frá miðbiki 20. aldar. Í ljósi þess getur Minjastofnun ekki fallist á nauðsyn þess að rífa húsið enda þótt ströng skilyrði vatnsverndar takmarki notkun þess. Húsið gæti að hluta til eða í heild sinni nýst sem fjargeymsluhúsnæði með takmarkaðri umferð og viðveru starfsfólks. Þar sem húsið er innan vatnsverndarsvæðis er ljóst að niðurbrot þess og efnisförgun verða kostnaðarsöm. Álitamál er hvort að því fé sé ekki jafn vel varið í viðhald hússins svo nýta megi þau verðmæti sem í því liggja.

f.h. Minjastofnunar Íslands

Pétur H. Ármannsson arkitekt
sviðsstjóri umhverfis og skipulags